

Borg náttúrunnar
Urban Nature

Þórður Ben Sveinsson

15. janúar - 27. febrúar 2005



INNGANGUR

Í endurminningum sínum segir myndhöggvarinn Einar Jónsson á einum stað að skýjaborgir séu þær „allra þörfustu byggingar sem maður reisir“. Draumsýnin um borgina og listræna mótun hennar var þessum frumherja íslenskrar höggmyndalistar ofarlega í huga enda voru arkitektúr og myndlist íðulega tengd órofa böndum í verkum hans.

Frá því að Einar reisti hús sitt á Skólavörðuholti og setti fram sínar hugmyndir um mótun skipulags á hollinu umhverfis hafa fáir íslenskir myndlistarmenn kosið að vinna með hina „útþípisku hefð“ í skipulagi borga, sem þó er vel þekkt listform jafnt innan arkitektúrs og myndlistar. Umræður um fagurfræði og listræn gildi á þessu sviði hafa því miður verið fáar og farið hljótt.

Ein mikilvæg undantekning frá þessu er Þórður Ben Sveinsson. Hann var einn af brautryðjendum nýrrar hugsunar í íslensku listalífi á sjöunda áratugnum m.a. með gjörningum og öðrum listrænum framkvæmdum, sem þóttu einstaklega beinskeyttar og allu miklu fjaðrafoki.

Fyrir um aldarfjórðungi hélt Þórður Ben minnstæða sýningu um hugmyndir sínar um Reykjavík, þar sem flugvallarsvæðinu í Vatnsmýrinni var m.a. breytt í aldingarða og ævintýraheima, þar sem hin mannlega tilvist var tekin fram fyrir þarfar véla og farartækja. Þar kynnti hann í fyrsta sinn hugmyndir sínar um nýja tegund borgarbyggðar og byggingarlistar sem mótaðist af aðstæðum á Íslandi, náttúru landsins og menningu.

Orð eins og loftkastalar og skýjaborgir voru á sínum tíma notuð til að lýsa tillögum Þórðar Ben að nýrri Reykjavík. Þeim ummælum er best að svara með tilvísun í þau orð Einar Jónssonar sem eru nefnd hér að ofan um að draumsýnin væri í reynd hin allra hagnýtasta af öllum skipulagsáætlunum. Einfaldlega vegna þess að ef hugsunin um svo mikilsvert menningarmál sem mótun borga byggir ekki á stórhuga listrænni sýn á samfélag og umhverfi, þá hafa hin smærri tæknilegu og hagnýtu útfærsluatriði skipulagsins í raun engan fastan grunn til að byggja á.

Þórður Ben hefur um áratuga skeið búið í Þýskalandi og ekki tekið mikinn þátt í íslensku listalífi. Síðustu misseri hefur hann engu að síður leitt hugann mjög að þróun Reykjavíkurborgar, ekki síst í kjölfar aukinnar almennrar umræðu um skipulagsþróun borgarinnar. Á þessari sýningu í Listasafni Reykjavíkur getur að líta nýjustu framþróun í hugmyndum listamannsins um borg náttúrunnar. Markmið hans með sýningunni er að benda á þau djúpu og afgerandi áhrif sem skipulag borgarinnar hefur á það samfélag sem hún fóstir. Það er einnig von listamannsins – sem og Listasafns Reykjavíkur – að sýningin megi verða mikilvægt innlegg í umræðuna um framtíð borgarmenningar og borgarumhverfis á Íslandi.

Eiríkur Þorláksson,
Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur

INTRODUCTION

In a passage in his memoir, the Icelandic sculptor Einar Jónsson states that castles in the air are the "most important buildings that one can make". The vision of the city and its artistic formation was dear to the heart of this pioneer in Icelandic sculpture, and there was an unbreakable bond between architecture and graphic art in his work.

Since Einar built his house on Skólavörðuholt in Reykjavík, and presented his ideas on planning for the surrounding area, not many Icelandic artists have chosen to work within the "Utopian Tradition" in urban planning, even though it is a renowned art form, both within the field of architecture and graphic art. Discussions on aesthetics and artistic value within this field have unfortunately been few and have largely gone unnoticed.

One important exception from this is Þórður Ben Sveinsson. He was one of the pioneers in a new school of thought on the Icelandic art scene in the sixties, e.g. with performances, happenings, and other artistic endeavours that were considered to be extremely to the point and caused some stir.

A quarter of a century ago, Þórður Ben held a memorable exhibition on his ideas on Reykjavík, where the airport in the Vatnsmýri was transformed into orchards and wonder-worlds, where human existence was favoured instead of the needs of machines and vehicles. This was the first time he presented his ideas of a new type of urban development and architecture which was fashioned after Icelandic conditions, based on the country's nature and culture.

Phrases like "castles in the air" and "pipe dreams" were used at the time to describe Þórður Ben's propositions for a new Reykjavík. Those comments are best answered with the words of Einar Jónsson quoted above, that vision is in fact the most practical of all development planning, simply because if the ideas of such an important cultural issue as the development of cities are not based

on a grand artistic vision of society and the environment, the smaller technical and practical implementation of the planning can not gain solid ground.

Þórður Ben has lived in Germany for decades and has not been involved to a in the Icelandic art scene to a great extent. In the past years he has, nevertheless, been very interested in the development of Reykjavík, especially in the wake of increased public discussion on planning developments of the city. This exhibition in the Reykjavík Art Museum displays the latest developments in the artist's ideas on Urban Nature. His aim with this exhibition is to point out the deep and decisive influence that urban planning has on the society the city harbours. It is also the artist's – and the museum's – hope that the exhibition will be an important input into the discussion of the future of urban culture in Iceland.

Eiríkur Þorláksson,
Director, Reykjavík Art Museum

BORG NÁTTÚRUNNAR

Frumdrög að annarri borg

Frumdrögin sýna borg sem er í hlutföllum og uppsetningu hliðstæð nítjándu aldar borginni, eins og við þekkjum t.d. frá Stokkhólmi og Kaupmannahöfn, Amsterdam og París. Þetta er borg sem þéttir, blandar og örvar, - borgarumhverfi sem á að stytta leiðir, auðvelda daglega sýslu og vera hentugt til félagslegs samneytis og menningarlegs lífs í skapandi og fallegu umhverfi.


Staðsetning borgarinnar og umfang

Borgin á að standa á gamla flugvallarstæðinu frá Hringbraut í norðri að Fossvogi í suðri, frá háskólasvæði í vestri yfir Öskjuhlíð að Fossvogsbotni í austri. Svæðið er u.þ.b. 1.5 x 2.0 km að stærð og á að hýsa, þegar borgin er fullgerð, um hundrað þúsund íbúa, ásamt þjónustu og stofnunum borgarlífsins.

Myndræn einkenni

Borgin er eins og eyja út af fyrir sig. Hún ris eins og klettabelti sunnan Hringbrautar, stræti hennar eru eins og náttúrugljúfur sem liggja um borgina og opnast inn á svið torga. Byggðin er að jafnaði fjórar til sex hæðir. Á stöku stað rísa turnhýsi svipað og kirkjuturnar gera hér og þar í evrópskum borgum og bera háhýsin fagurfræðileg einkenni þess hverfis sem þau rísa úr.

Borgin á að vera einkonar framhald íslenskrar náttúru, með einkennum hennar og stemmningum, nú sem menningarumhverfi. Stræti og torg, eins og hverfin, eiga fyrirmyndir sínar í einkennum náttúrunnar: eldfjallahverfi, hraunhverfi, hverfi sanda og fjöru, gilja og gljúfra, eins og hverfi hamra og kletta eða hverfi síkja og tjarna.



Uppröðun og kerfi stræta og torga er hugsað meðal annars til að mynda falleg sjónarhorn og myndrænt samhengi, listræn afköst sem eiga að setja borgina á svið. Verkefnið ber titilinn Borg náttúrunnar sem er listrænt markmið verkefnisins.

Hin innri borg


Hin innri borg er sérstök íslensk stofnun og gegnir, eins og síki Feneýja og Amsterdam gera fyrir þær borgir, ákveðnu hlutverki. Hún er mynduð af neti mismunandi ylstræta, glerjuð stræti og torg, stígar og sund, garðar og vinjar, sem mynda innri borg. Ylstrætin eiga fátt sameiginlegt með verslunarmiðstöðvum. Þau mynda opinber svæði, götur og torg, sem hafa náttúruna eins og til að mynda gljúfur og gil að fyrirmynd. Ylstrætin eru því net gljúfra full af náttúru með sandgólflum, klettum, gróðri og rennandi vatni

og mynda samtengt innra svæði borgarinnar með aðgangi að allri þjónustu og stofnununum borgarlífsins.

Stór ylstræti og miðtorg þeirra eru opinber svæði sem tengja höfuðáttir borgarinnar. Þau eru reisuleg og há, með slipuðum gólflum, verslunum kvikmyndahúsum, leikhúsum, matstöðum, aðgangi að verslunarmiðstöðvum o.s.frv.

Í kjallara undir gólflum helstu ylstræta sem tengja höfuðáttir borgarinnar, fara léttir rafvagnar, ekki ólíkir vögnum sem birtast okkur á golfvöllum, hljóðlittir, á nokkrum mínútum frá einum hluta borgarinnar til annars og tengja hana í innri heild.

Þórður Ben Sveinsson



URBAN NATURE

Framework of a New City

The framework depicts a city which in proportion and configuration corresponds to a nineteenth century city, such as seen in Stockholm and Copenhagen, Amsterdam and Paris. It is a city that consolidates, mixes and stimulates, an urban environment, which is meant to create shortcuts, facilitate daily operations, and to be practical for social meetings and cultural life in a stimulating and beautiful environment.

Location of the City and Scope


The city shall be located in the old airport area, from Hringbraut in the north to Fossvogur bay in the south, from the University area in the west, over the Óskjuhlíð hill and to the bottom of Fossvogur bay to the east. The area measures approximately 1.5 x 2.0 km and will accommodate around one hundred thousand

people when the city is complete, including the services and institutions of urban life.

Graphic characteristics

The city is like an island. It rises like crags south of the Hringbraut, its' streets are like natural canyons that criss-cross the city and open onto piazzas. The buildings are typically four to six storeys high. Here and there towers stretch into the sky, similar to the church-spires of European cities, and the high-rises convey the characteristics of their districts.

The city is meant to be a sort of continuation of Icelandic nature, conveying its attributes and atmospheres as a cultural environment. Streets and piazzas, like the districts, are prefigured on natural phenomena: a volcanic district, a lava district, a district of sand and beach, canyons and gorges, and districts of cliffs and crags or districts of canals and ponds.





The organization and plan of streets and piazzas is intended to create beautiful views and picturesque context, artistic performance, which is meant to stage the city. The project is called Urban Nature, which is the artistic goal of the project.

The Inner City

The inner city is a unique Icelandic institution and has, like the canals of Venice and Amsterdam for those respective cities, a particular role. It constitutes of a net of different warmstreets, glass-roofed streets and piazzas, lanes and closes, gardens and oases, which create an inner city. The warmstreets have little to do with malls. They are public areas, streets and piazzas that are based on natural phenomena like canyons and gorges. The warmstreets are therefore a net of canyons full of nature, with sand flooring, rocks, growth and gushing water, and create an interconnected inner area of the city with access to all services and urban institutions.

Large warmstreets and their centre squares are public areas that connect the four cardinal points of the city. They are elegant and tall, with sanded floors, shops, cinemas, theatres, restaurants, access to shopping centres etc. In the basement under the floors of the main warmstreets, which connect the four cardinal points, light electric vehicles, not unlike the carts seen on golf courses, travel silently in a few minutes from one part of the city to another, and thus create a connected whole.

Þórður Ben Sveinsson





Opnunartími í Hafnarhúsi og á
Kjarvalsstöðum alla daga 10-17.
Opnunartími í Ásmundarsafni
maí-september 10-16 og október-
apríl 13-16.


Aðgöngumiðinn gildir samdægurs
í öll húsin. Alla sunnudaga kl. 15
er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu.

Hafnarhus and Kjarvalsstaðir are
open every day from 10 am-5 pm.
Asmundur Sveinsson Sculpture
Museum - Asmundarsafn is open
May-Sept. 10 am-4 pm and
October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same
day for all three museums. Guided
tours are available upon request.

Listamannspjall verður í Hafnarhúsinu sunnudaginn
23. janúar kl. 15. Þórður Ben Sveinsson annast leiðsögn
um sýninguna og ræðir efni hennar við gesti.

Sérstakar þakkar / Special thanks



A Gallery Talk will be at Hafnarhus on Sunday January 23 at 3 pm.
The artist Þórður Ben Sveinsson leads a tour of the exhibition. In Icelandic.

Málþing verður í Hafnarhúsinu sunnudaginn 6. Febrúar kl. 13 - 16. **Borgin – Minnisvarði menningar**
Fjallað verður um borgarskipulag og borgina sem menningarfyribærli. Haldið í samstarfi við Reykjavíkur
akademiuna.

Conference at Hafnarhus Sunday February 6 at 1 pm. to 4 pm. **The City – A Monument of Culture**
A conference exploring the city as a cultural phenomenon. In collaboration with the Reykjavik Academy.
In Icelandic.

Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavik Art Museum - Hafnarhús, Tryggvogata 17, 101 Reykjavík
www listasafnreykjavikur.is - listasafn@reykjavik.is - sími (+354) 590 1200 - fax (+354) 590 1201



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM